

Tillaga til þingsályktunar

um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.

Flm.: Silja Dögg Gunnarsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Oddný G. Harðardóttir, Ásmundur Friðriksson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að hefja undirbúning að flutningi Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 139., 140., 143., 144. og 145. löggjafarþingi (47. mál) og er nú endurflutt.

Umræða um flutning stofnunarinnar í hentugt og rúmgott húsnæði á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli sem rekið yrði af Landhelgisgæslu Íslands, sbr. samning frá 30. júlí 2014 milli utanríkisráðherra og innanríkisráðherra um að ríkislögreglustjóri og Landhelgisgæsla Íslands annist tiltekin verkefni samkvæmt varnarmálalögum nr. 34/2008, hefur staðið um nokkurra missera skeið. Að mati flutningsmanna fylgja fjölmargir kostir því að flytja alla starfsemi Landhelgisgæslunnar á Suðurnesin, nánar tiltekið á öryggissvæði íslenska ríkisins á Ásbrú, en nú þegar er Landhelgisgæslan með umfangsmikla starfsemi á svæðinu og þúsundir fermetra af vannýttu húsnæði. Það fylgir því mikil hagræðing að hafa alla starfsemina á einum stað og þjónusta og öryggi munu einnig aukast þar sem viðbragðstími Landhelgisgæslunnar styttest með því að færa alla starfsemi hennar á einn stað, þó það útiloki ekki að starfsstöðvar verði í öðrum landshlutum. Einnig mun flugfloti gæslunnar komast í gott framtíðarhúsnæði sem uppfyllir öryggisstaðla.

Fyrirverandi innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, fékk Deloitte til að gera hagkvæmnisathugun á að flytja Landhelgisgæslu Íslands til Suðurnesja. Úttektin er dagsett 14. apríl 2011 og niðurstaðan er að kostnaðarsamt sé að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar, m.a. vegna aukins flutningskostnaðar starfsmanna frá Reykjavík til Suðurnesja, en sá kostnaður er bundinn kjarasamningum. Einnig er nefndur verulegur kostnaður við að breyta bakvaktafyrirkomulagi þyrlusveitar í viðverufyrirkomulag. Þá þyrfti að fjölga þyrluflugmönnum um 50% þannig að rekstrarkostnaður ykist verulega. Þess ber þó að geta að með breyttu vaktafyrirkomulagi styttest viðbragðstími áhafna mikið og þar með eykst öryggi. Niðurstaða úttektarinnar er umdeild, m.a. er bent á að forsendur hennar fyrir auknum kostnaði séu ekki réttar enda segja skýrsluhöfundar réttilega að við útreikninga séu forsendur ýmissa þátta háðar óvissu. Þeir benda einnig á að úttektin horfi eingöngu til fjárhagslegra áhrifa en einnig þurfi að meta þætti er varða öryggismál þegar ákvörðun um mögulegan flutning verður tekin. Höfundarnir segja: „Aðstaðan í heild er því nógu góð til skemmri tíma en það þyrfti að bæta aðstöðuna til lengri tíma litið, sérstaklega ef áætlanir eru um eflingu starfseminnar.“ Í umræddri athugun kemur fram að um 40 manns starfi nú við loftvarnaeftirlit (IADS), en það er tengt öllum loftvarnaupplýsingakerfum NATO, og önnur öryggis- og varnartengd verkefni.

Hins vegar er ekki nefnt í úttektinni að Landhelgisgæslan rekur nú þegar mörg mannvirki á öryggissvæðinu sem eru ekkert eða lítið nýtt.

Á öryggissvæðinu á Keflavíkurlflugvelli er til staðar afar heppileg aðstaða fyrir alla starfsemi Landhelgisgæslunnar til framtíðar. Þar er húsnæði, flugbrautir, góð hafnaraðstaða og stoðkerfi sem fullnægir þörfum Landhelgisgæslunnar að öllu leyti. Þá má benda á að bandarísk stjórnvöld áforma tveggja milljarða króna endurbætur á flugskýlinu á Keflavíkurlflugvelli sem Landhelgisgæslan rekur og mun sú framkvæmd nýtast gæslunni.

Nú er Landhelgisgæslan með starfsemina dreifða í leiguhúsnæði á mörgum stöðum, þ.m.t. höfuðstöðvarnar í Skógarhlíð, og stendur gæslan straum af rekstrarkostnaði flugskýlisins á Reykjavíkurlflugvelli, sem er í eigu íslenska ríkisins og rekið af Isavia. Stækkunarmöguleikar á Reykjavíkurlflugvelli, þar sem flugsveitin er nú, eru ekki fyrir hendi og húsnæðið mjög óhentugt í alla staði. Í byggingum á öryggissvæðinu er hins vegar aðstaða fyrir alla starfsemi gæslunnar. Þar er landsvæði sem hægt er að laga að þörfum stofnunarinnar og velvilji er hjá öllum sveitarfélögunum á Suðurnesjum.

Mannvirkin sem um ræðir á öryggissvæðinu eru nú þegar í rekstri Landhelgisgæslunnar og með því að nýta þau enn betur undir starfsemi gæslunnar næðist mikil fjárhagsleg hagræðing fyrir ríkið til lengri tíma. Hér má nefna stóra flugskýlið (12.200 m²) sem endurnýjað var árið 2000 og til stendur að endurbæta enn frekar á næstu tveimur árum, eins og áður kom fram, og þjónustubyggingar sem má nýta fyrir flugvélar, þyrlur og viðhald. Óverulegar breytingar þarf að gera á þessum byggingum svo þær henti starfsemi gæslunnar. Í þessu samhengi er rétt að benda á ábyrgð ríkisins gagnvart Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins varðandi viðhald og rekstur mannvirkjanna en kostnaður af því fellur á gistiríkið, þ.e. íslenska ríkið í þessu tilviki. Með flutningi til Suðurnesja fengi Landhelgisgæslan gott framtíðarhúsnæði og stórbætta aðstöðu og því til viðbótar mun betri samnýtingu á starfsmönnum.

Á svæðinu er einkar góð hafnaraðstaða: Njarðvíkurhöfn, Keflavíkurhöfn og Helguvíkurhöfn. Nú þegar ber Landhelgisgæslan ábyrgð á rekstri hluta Helguvíkurhafnar, þ.e. þess hluta sem er á eignaskrá Mannvirkjasjóðs Atlantshafsbandalagsins. Úttekt á nauðsynlegum breytingum á hafnaraðstöðu liggur fyrir (2009). Njarðvíkurhöfn getur strax tekið við skipaflota Landhelgisgæslunnar og Helguvíkurhöfn kemur einnig til greina enda hafa varðskipin reglulega viðkomu þar. Staðsetning hafna út frá öryggissjónarmiðum mundi batna frá því sem nú er þar sem styttra yrði fyrir varðskipin að komast út á aðalstarfssvæði Landhelgisgæslunnar, hafsvæðið í kringum Ísland.

Með samþættingu verkefna munu möguleikar Landhelgisgæslunnar til að sinna leit og björgun í samstarfi við nágrannaþjóðir margfaldast en Landhelgisgæslan nýtir nú þegar öryggissvæðið í þeim tilgangi. Það hefur háð Landhelgisgæslunni að hafa ekki verið með viðeigandi tengimöguleika, sem eru til staðar suður frá á sviði leitar og björgunar, öryggis- og varnarmála, löggæslu, umhverfisverndar og auðlindagæslu, við stofnanir nágrannaríkja sem flestar eru herir eða stofnanir á vegum varnarmálaráðuneyta samstarfsþjóðanna.

Landhelgisgæslan rekur nú þegar öryggissvæðið á Keflavíkurlflugvelli og fer með framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna, sbr. varnarmálalög, nr. 34/2008, auk þess sem sprengjueyðingarsveit Landhelgisgæslunnar hefur aðstöðu á svæðinu. Þess má einnig geta að sersveit ríkislögreglustjóra er með aðstöðu á öryggissvæðinu og hópar á vegum lögreglu æfa þar reglulega.

Með flutningi Landhelgisgæslunnar á Suðurnes mundi ríkisvaldið gera Landhelgisgæsluna að enn öflugri stofnun til hagsbóta fyrir landsmenn alla, aðstaðan fyrir starfsemina yrði mun betri og tryggð til framtíðar og síðast en ekki síst mundi flutningurinn styðja við atvinnuuppbyggingu á svæðinu öllu.